

LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2014-2015

REKSTRARREIKNINGUR 2014



Skýrsla Landgræðslusjóðs til aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2015

Landgræðslusjóður var stofnaður vorið 1944 til minningar um stofnun lýðveldis á Íslandi. Hann er sjálfseignarstofnun sem starfar eftir lögum nr. 19/1988 og staðfestri skipulagsskrá frá árinu 2001. Stjórn sjóðsins skipa fimm einstaklingar. Skógræktarstjóri og landgræðslustjóri eiga sæti í stjórninni og auk þeirra þrjú stjórnarmenn úr aðalstjórn Skógræktarfélags Íslands. Stjórnin hefur verið óbreytt í all mörg ár, en hana skipa eftirtaldir einstaklingar: Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Jón Loftsson skógræktarstjóri, Magnús Gunnarsson, Þuríður Yngvadóttir og Guðbrandur Brynjúlfsson. Verkaskipting s.l. starfsár var óbreytt, Guðbrandur er formaður stjórnar og Sveinn Runólfsson varaformaður. Eins og undanfarin ár gegndi formaður framkvæmdastjórn fyrir sjóðinn. Stjórn sjóðsins fundar þegar þurfa þykir og voru þrjú stjórnarfundir haldnir á starfsárinu.

Bókhald Landgræðslusjóðs er í höndum útibús KPMG ehf. í Borgarnesi. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2014 voru rekstrartekjur sjóðsins kr. 1,9 millj. og rekstrargjöld voru 18,3 millj. Þar af voru styrkveitingar 16,1 millj., sem skiptist þannig að útgreiddir styrkir á árinu skv. skipulagsskrá sjóðsins voru 3,7 millj. og styrkir af arfi eftir Hjálmar og Else Bárðarson kr. 12,4 millj.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru kr. 8,3 millj. og rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 8,0 millj. kr.

Eignir Landgræðslusjóðs í árslok 2014 voru fasteignir að fjárhæð kr. 29,9 millj., verðbréfaeign 320,2 millj. og handbært fé og skammtímakröfur kr. 4,1 millj. Skuldir í árslok voru 130.000 og eigið fé 354,2 millj. og hafði lækkað um kr. 3,8 millj. frá fyrra ári. Fasteignir sjóðsins eru eignfærðar skv. fasteignamati þeirra.

Tekjur fræbanka Landgræðslusjóðs voru vaxtatekjur að fjárhæð 25.000 að frádragnum fjármagnstekjuskatti og bankakostnaði. Eigið fé bankans í árslok var 4,3 millj. krónur.

Að öðru leyti en hér greinir vísast til ársreiknings sjóðsins sem fylgir með fundargögnum.

Ávöxtun á fjármunum sjóðsins var mjög lág á árinu 2014. Mikil deyfð var yfir fjármagnsmarkaðnum nær allt árið, sérstaklega skuldabréfunum, en hlutabréfin komu heldur skár út. Arionbanki sá um vörzlu sjóðsins eins og undanfarin ár. Nafnávöxtun var 3,05%, verðbótaþáttur vaxta 1,03% og raunávöxtun því 2,02%. Það er stefna stjórnar sjóðsins að taka hóflega áhættu í leiðum til ávöxtunar á fjármunum hans. Þess vegna hefur megináherzlan allt frá hruninu 2008 verið á leiðir sem byggja á ríkisverðbréfum, en þó með heimild til fjárfestinga í hlutabréfum fyrir allt að 25% af höfuðstóli sjóðsins. Fyrr á þessu ári var gerð stjórnarsamþykkt sem kveður á um að hækka megi hlutfall hlutabréfa í allt að 37,5%.

Það sem af er yfirstandandi ári hefur fjármagnsmarkaðurinn tekið verulega vel við sér og skilað 8% ávöxtun á safn Landgræðslusjóðs hjá Arionbanka, sem gerir um 13,7% nafnávöxtun miðað við heilt ár.

Þegar Skógræktarfélag Íslands keypti jörðina Úlfljótsvatn í félagi við Skátahreyinguna árið 2011 lánaði Landgræðslusjóður félaginu 87,5 millj. króna. Félagið hefur greitt lánið mun hraðar niður en áformað var og eru eftirstöðvar skuldabréfsins um þessar mundir um kr. 33,5 millj.

Úthlutun styrkja samkvæmt skipulagsskrá Landgræðslusjóðs fór fram í apríl s.l.

Sjö umsóknir bárust frá sex héraðsskógræktarfélögum og að auki ein frá Skógræktarfélagi Íslands, samtals að fjárhæð kr. 14,4 millj. Þessar umsóknir reyndust allar gildar með hliðsjón af skipulagsskrá sjóðsins og reglum um styrkúthlutanir og fengu því þessir umsækjendur úthlutað styrkjum, samtals að fjárhæð kr. 3,6 millj.

Auk framangreindra umsókna bárust tvær frá öðrum aðilum að fjárhæð 3,1 millj., en þeim var báðum hafnað.

Eins og sést af framansögðu bárust sjóðnum afar fáar styrkumsóknir á þessu ári. Ástæðan kann að vera sú að í bréfi til skógræktarfélaganna í febrúar s.l., hvar auglýst var eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, var þess getið að mjög lítið fé yrði til úthlutunar á árinu, en engu að síður var félögunum gefinn kostur á að senda inn umsóknir.

Frá því að Landgræðslusjóður tók upp núverandi fyrirkomulag á stuðningi við landgræðslu og skógrækt á árinu 2002 hefur samtals verið veitt 98 milljónum króna í styrki og hafa þeir runnið að stærstum hluta til héraðsskógræktarfélaganna, eins og skipulagsskrá sjóðsins gerir reyndar ráð fyrir.

Styrkveitingar sem ekki eiga sér stoð í skipulagsskrá Landgræðslusjóðs verða kr. 10 millj. í ár. Um er að ræða fé af arfinum eftir Hjálmar R. Bárðarson og konu hans Else Sörensen Bárðarson. Styrkir þessir eru til þeirra fjögurra sérvöldu landgræðsluskógasvæða sem notið hafa framlaga af arfinum seinustu árin, en þau eru á Ássandi í Kelduhverfi, í Þjórsárdal, við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði og á Langahrygg í Mosfellsdal. Í fyrra og í ár var komið fyrir upplýsingaskiltum á íslenzku og ensku um þau hjónin við áður uppsetta bautasteina um þau í sérstökum minningarlundum á hverju framangreindra svæða. Með framlaginu í ár er samtals búið að veita styrki til sérverkefna af arfsfé fyrir 49,3 millj. króna. Um er að ræða arf eftir Guðfinnu D. Hannesdóttur frá Hólum í Stokkseyrarhreppi kr. 1,3 millj. og Hjálmar R. Bárðarson og frú að fjárhæð kr. 48 millj.

Um s.l. áramót var óráðstafað af Hjálmarsarfinum kr. 22 millj.

Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else Sörensen Bárðarson er nú á fimmta starfsári sínu og er líftími hans að verða hálfnaður, en honum er ætlað að starfa í 10 ár.

Á yfirstandandi ári hlutu þrjú rannsóknarverkefni styrki, en þau eru:

1. **Mat á langtímaárangri og kostnaði lúpínusáninga**, sem er undir stjórn Guðmundar Halldórssonar sérfræðings hjá Landgræðslu ríkisins. Þetta verkefni var styrkt um kr. 2,4 millj.
2. **Rannsókn á áburðaráhrifum belgjurta í skógrækt**, sem er á vegum og undir stjórn Jóns Guðmundssonar plöntulífeðlisfræðings. Þetta verkefni hlaut kr. 1 millj. í styrk.

3. **Rootopia rannsókn I – Birki upp úr lúpínu.** Styrkþeginn er Rootopia ehf og verkefnisstjóri er Úlfur Óskarsson sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Þetta verkefni hlaut styrk að fjárhæð 600 þús.

Einn atburð vil ég nefna sem Landgræðslusjóður styrkti með fjárframlagi, en það var hátíðin á Arnarhóli 28. júní s.l. í tilefni þess að 35 ár voru liðin frá sögulegu forsetakjöri Vigdísar Finnbogadóttur. Tengt þessari hátíð voru svo gróðursetningar víða um land vegna þessara tímamóta.

Í upphafi þessarar skýrslu er þess getið hvenær Landgræðslusjóður var stofnaður og hvers var verið að minnast með stofnun hans. Það var fyrir frumkvæði Skógræktarfélags Íslands og með atbeina landsnefndar lýðveldiskosninganna að sjóðnum var komið á laggirnar. Þannig eru til komin hin nánu tengsl hans við skógræktarfélagshreyfinguna. Og um leið er hann nátengdur lokasigrinum í hinni stjórnarfarslegu sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar.

En spyrja má er frelsisbaráttunni þá lokið fyrir fullt og fast? Hvað með landið sjálft, sem eftir rúmlega ellefu alda búsetu manna, lítur alltof víða út eins og soltinn, horaður og tötrum klæddur beiningamaður. Dettur einhverjum í hug að betlarinn, fastur í fjötrum fátæktar og umkomuleysis, sé frjáls maður?

Mín skoðun er sú að frelsis- og fullveldisbaráttunni sé ekki lokið fyrr en við höfum endurheimt glötuð landgæði og burtfokna gróðurmold. Margt hefur áunnist í þeim eignum seinustu 100 árin, en betur má ef duga skal. Það mun taka langan tíma, ef til vill nokkrar aldir, en á meðan hefur Landgræðslusjóður hlutverki að gegna.

Að lokum vil ég, f.h. Landgræðslusjóðs, þakka skógræktarfélagunum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu, einnig stjórn og starfsfólki Skógræktarfélags Íslands, Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins og öllum þeim öðrum sem sjóðurinn hefur átt samskipti við.

Aðalfundinum óska ég velfarnaðar.

Brúarlandi, Mýrum 6. ágúst 2015

Guðbrandur Brynjúlfsson

Landgræðslusjóður
Ársreikningur 2014

Númer í sjóðaskrá 1401

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8
Fylgiskjöl:	
1. Yfirlit um fræbanka	10

Skýrsla og áritun stjórnar

Samkvæmt rekstrarreikningi námu gjöld umfram tekjur á árinu 8,0 millj. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2014 samkvæmt efnahagsreikningi nam 354,1 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi meðferð taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Stjórnin er ólaunuð en vörsluaðili fær greidda þóknun og ökutækjastyrk til að mæta ferðakostnaði.

Stjórn sjóðsins staðfestir hér með ársreikning Landgræðslusjóðs yfir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, / 2015.

Í stjórn:

Guðbrandur Brynjúlfsson kt. 300448-8019 Brúarlandi, 311 Borgarnes

Jón Loftsson kt. 021245-2249 Stóra Sandfelli, 701 Egilsstaðir

Magnús Gunnarsson kt. 291050-4179 Lynghvammi 6, 220 Hafnarfjörður

Sveinn Runólfsson kt. 280446-2549 Gunnarsholti, 851 Hella

Þuríður Yngvadóttir kt. 110652-4459 Reykjum, 270 Mosfellsbær

Vörsluaðili:
Guðbrandur Brynjúlfsson
Brúarlandi
311 Borgarnes

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landgræðslusjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landgræðslusjóðs fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Landgræðslusjóðs gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, / 2015.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur:			
Styrkir og gjafir		5.000	4.000
Tekjur af eignarhlutum		1.245.977	1.190.312
Aðrar tekjur		667.855	720.839
		<u>1.918.832</u>	<u>1.915.151</u>
Rekstrargjöld:			
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá		3.660.000	7.115.000
Aðrar styrkveitningar		12.396.689	10.799.741
Kostnaður vegna fasteigna	5	568.932	545.982
Annar kostnaður	6	1.652.415	1.474.787
		<u>18.278.036</u>	<u>19.935.510</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármagnsliði	(16.359.204)	(18.020.359)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		152.654	264.972
Tekjur af verðbréfum og hlutabréfum		9.742.796	23.116.988
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(12.530)	(5.520)
Fjármagnstekjuskattur	(1.568.372)	(3.244.693)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>8.314.548</u>	<u>20.131.747</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	10	<u>(8.044.656)</u>	<u>2.111.388</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	2014	2013
Eignir			
Fasteignir.....	2,7,8	29.893.000	23.748.750
Verðbréfaeign.....	9	320.165.042	315.353.002
Fastafjármunir alls		<u>350.058.042</u>	<u>339.101.752</u>
Ymsar skammtímakröfur		3.180.097	523.097
Handbært fé.....		956.418	18.404.504
Veltufjármunir alls		<u>4.136.515</u>	<u>18.927.601</u>
Eignir samtals		<u><u>354.194.557</u></u>	<u><u>358.029.353</u></u>
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur.....		354.064.598	355.965.004
Eigið fé samtals	10	<u>354.064.598</u>	<u>355.965.004</u>
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir.....		129.959	2.064.349
Skuldir samtals		<u>129.959</u>	<u>2.064.349</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>354.194.557</u></u>	<u><u>358.029.353</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins samkvæmt rekstrarreikningi	10 (8.044.656)	2.111.388
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur verðbréfa		605.219	11.533.431
Veltufé frá rekstri	(7.439.437)	13.644.819
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafrófur, (hækkun) lækkun	(2.657.000)	3.851.903
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	(1.934.390)	1.571.309
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(4.591.390)	5.423.212
Handbært fé frá (til) rekstrar	(12.030.827)	19.068.031
Fjárfestingarhreyfingar:			
Verðbréf, breyting	(5.417.259)	(1.614.101)
Fjárfestingarhreyfingar	(5.417.259)	(1.614.101)
Breyting á handbæru fé	(17.448.086)	17.453.930
Handbært fé í ársbyrjun		18.404.504	950.574
Handbært fé í árslok		956.418	18.404.504

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Landgræðslusjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Fastafjármunir

Fasteignir eru færðar til eignar á fasteignamati og er matsbreytingin færð yfir eigið fé. Afskriftir eru ekki reiknaðar.

3. Verðbréfaeign.

Sjóðurinn hefur gert samkomulag við Arion banka hf. um eignastýringu. Skráð verðbréf í eigu sjóðsins eru eignfærð á markaðsvirði í árslok. Skattur af fjármagnstekjum er gjaldfærður við greiðslu.

4. Hafnbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

Sundurliðanir

5. Kostnaður vegna fasteigna greinist þannig:

	2014	2013
Fasteignagjöld	357.155	344.620
Viðhald og rekstur húsnæðis	144.638	177.145
Tryggingar	67.139	24.217
	<u>568.932</u>	<u>545.982</u>

6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun	275.000	0
Launatengd gjöld	53.426	0
Sími, burðargjöld og skrifstofuvörur	23.700	20.275
Ökutækjastyrkur	117.044	125.396
Eignarstýringar- og fjárvörslubókun	523.364	505.023
Aðkeypt þjónusta	629.836	458.044
Dagpeningar	0	275.000
Annar kostnaður	30.045	91.049
	<u>1.652.415</u>	<u>1.474.787</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir:

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir Reykjavík	Hrísakot Ingunnarstaðir	Langi-Botn	Samtals
Bókfært verð 1.1.2014.....	14.190.000	6.059.750	3.499.000	23.748.750
Breyting fasteignamats.....	2.110.000	1.908.250	2.126.000	6.144.250
Bókfært verð 31.12.2014.....	<u>16.300.000</u>	<u>7.968.000</u>	<u>5.625.000</u>	<u>29.893.000</u>

Skýringar, frh.:

8. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat mannvirkja nam samtals 24,5 millj. kr., hlunninda 1,2 millj. kr. og lóða 4,2 millj. kr. í árslok 2014. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samtals 51,9 millj. kr.

9. Verðbréf

Verðbréfaeign greinast þannig:

	2014	2013
Lán til Skógræktarfélags Íslands, óverðtryggt, 5% fastir vextir	66.468.750	66.468.750
Skráð verðbréf	229.972.134	239.355.004
Hlutabréf	23.725.058	9.529.248
Verðbréfaeign samtals 31.12.2014	<u>320.165.942</u>	<u>315.353.002</u>

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	2014	2013
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	355.965.004	352.904.366
Endurmat fasteigna sbr. skýring 7	6.144.250	949.250
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	(8.044.656)	2.111.388
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>354.064.598</u>	<u>355.965.004</u>

11. Skuldbindingar

Landgræðslusjóður hefur samþykkt að styrkja ýmis skógræktarfélög í landinu og nemur skuldbinding vegna þessa 4,1 millj. kr. í árslok 2014. Styrkirir verða gjaldfærðir og greiddir þegar styrkþegi hefur skilað inn til sjóðsins skriflegri greinargerð um framgang verkefninsins og kostnað.

12. Tengdir aðilar

Landgræðslusjóður hefur átt viðskipti við tengda aðila. Sjóðurinn lánaði Skógræktarfélagi Íslands 87,5 millj.kr. í árslok 2011. Lánið er til 25 ára, óverðtryggt og ber fasta 5% vexti.

13. Önnur mál.

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu Fræbanka Landgræðslusjóðs á árinu 2014. Landgræðslusjóður hefur umsjón með rekstri Fræbanka, en hlutverk hans er að fjármagna kaup á trjáfræi til skógræktar. Í árslok námu eignir Fræbankans 4,3 millj. kr., en þær eru ekki færðar í efnahagsreikningi Landgræðslusjóðs.

Rekstraryfirlit ársins 2014

Rekstrargjöld:

Styrkur til verfnisins "Embla II"	300.000
---	---------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur og verðbætur.....	97.391
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(72.457)
	<u>24.934</u>

Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	(275.066)
--	-------------------

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir:

Verðbréfaeign.....	4.166.398
Bankainnstæður	142.499

Eignir samtals	<u>4.308.897</u>
-----------------------	-------------------------

Eigið fé:

Flutt frá fyrra ári	4.584.053
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	(275.066)

Eigið fé samtals	<u>4.308.987</u>
-------------------------	-------------------------